

Fréttatilkynning frá Bókasambandi Íslands 27. nóvember 2017

66,6% bókatitla prentaðir erlendis

Prentstaður íslenskra bóka 2017

Bókasamband Íslands hefur kannað prentstað íslenskra bóka sem getið er í Bókatiðindum Félags íslenskra bókaútgefenda 2017. Fjöldi titla sem prentaðir eru innanlands eru 202 og fækkar um 70 frá fyrra ári og sem hlutfall af heild dregst það saman milli ára um 11%, er 33,4% í ár en árið 2016 var hlutfallið 44,8% á prentun bókatitla innanlands. Fjöldi titla sem prentaður er erlendis er 402 eða 66,6% en var 335 eða 33,4% í fyrra.

Heildarfjöldi prentaðra bókatitla er 604 í Bókatiðindunum í ár en var 607 árið 2016.

Skoðað var hvert hlutfall prentunar innanlands og erlendis er eftir flokkum. Þar kemur fram að í þremur flokkum af fjórum er meirihluti bóka prentaðar erlendis

- Fræðibækur, bækur almenns efnis og listir eru alls 152; 81 (53%) eru prentaðar á Íslandi og 71 (47%) prentaðar erlendis.
- Skáldverk, íslensk og þýdd, eru 187; 60 (32%) prentuð á Íslandi og 127 (68%) prentuð erlendis.
- Saga, ættfræði, ævisögur, handbækur, matur og drykkur eru alls 88; 23 (26%) prentaðar á Íslandi og 65 (74%) prentaðar á Íslandi.
- Barnabækur, íslenskar og þýddar, eru alls 177; 38 (21%) prentaðar á Íslandi og 139 (79%) prentaðar erlendis.


Eftirfarandi listi sýnir fjölda bóka prentaðra í hverju landi og hlutfall af heild, jafnframt eru til samanburðar tölur fyrir árið 2016:

	Fjöldi titla	%
Ísland	202	33,4
Evrópa	331	54,8
Asía	71	11,8
Samtals	604	100%

Árið 2016	Fjöldi titla	%
Ísland	272	44,8
Evrópa	250	41,2
Asía	84	13,8
Annað	1	0,2
Samtals	607	100%

Frekari upplýsingar veitir Georg Páll Skúlason, Grafíu – stéttarfélag í prent- og miðlunargreinum. Netfang: georg@grafia.is og sími 552 8755.

Hlutfall prentunar íslenskra bóka 1998 - 2017



Fjöldi prentaðra íslenskra bóka 1998 - 2017

